

TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:

Vinnustöðvun nær til starfa á tilteknum starfsstöðvum sem unnin eru skv. kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags um vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin nær til þeirra starfa sem unnin eru á starfsstöðvum fyrirtækjanna Íslands-hótel hf. (kt. 630169-2919) og Fosshótel Reykjavík ehf. (kt. 691209-4740) samkvæmt ofangreindum kjarasamningi. Kennitölur og nöfn fyrirtækjanna eru birt með fyrirvara um lokanir, gjaldþrot, breytingar á eignarhaldi o.s.frv.

Vinnustöðvun tekur til staðsetningar viðkomandi rekstrar og eftir atvikum fleiri starfsstöðva ofangreindra fyrirtækja á félagssvæði Eflingar sem ekki eru taldar upp. Starfsstöðvar fyrirtækjanna á félagssvæði Eflingar - stéttarfélags sbr. 1. gr. laga félagsins eru þessar:

Fosshotel Reykjavík Þórunnartún 1, 105 Reykjavík
Hotel Reykjavík Grand Sigtún 28, 105 Reykjavík
Hotel Reykjavík Saga Lækjargata 12, 101 Reykjavík
Hotel Reykjavík Centrum Aðalstræti 16, 101 Reykjavík
Fosshotel Baron Barónsstígur 2-4, 101 Reykjavík
Fosshotel Lind Rauðarárstígur 18, 105 Reykjavík
Fosshotel Rauðará Rauðarárstígur 37, 105 Reykjavík

Vinnustöðvunin er ótímabundin og hefst klukkan 12:00 á hádegi 7. febrúar 2023 nema kjarasamningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

Viðauki um atkvæðagreiðslu:

Atkvæðagreiðslu um boðun þessa skal lokið eigi síðar en kl. 20:00 þann 30. janúar 2023.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Viðauki um verkfallsstyrk:

Gert er ráð fyrir verkfallsstyrk að upphæð kr. 23.500 fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu.

Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 22. janúar 2023 kl. 20:00 í Félagshemili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.